


Viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs í Strandabyggð, 2020-2021


1. Snjómokstur og hálkueyðing – almenn markmið


Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís valda einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi og tryggja öryggi íbúa að með aðgengi að alfaraleiðum og þéttbýliskjarna. Snjómokstri og hálkueyðingu er stjórnað af Strandabyggð og Vegagerðinni. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu, skerðingar á framlögum til sveitarfélagsins og erfiðrar fjárhagsstöðu, skal sýna sérstaka ráðdeild og hagsýni við ráðstöfun tækja og mannafla við mokstur, veturinn 2020-2021.

2. Strandabyggð innan Hólmavíkur

Snjómokstur innan Strandabyggðar skal byggjast á forgangs röðun, sem tengist staðsetningu stofnanna og mikilvægis umferðar um vissar götur. Sú forgangs röðun sem snjómokstur byggir á í dag er eftirfarandi:







Útskýringar:

Rauður = sem vegagerðin moka

Grænn = byrjað á að moka þ.e. Grunnskólinn, leikskólinn og Sjúkrahús

Gulur = aðrar götur

Fjólublár = gangstéttir forgangur

Blár = aðrar gangstéttar

Vegagerðin sér um daglegan mokstur frá Höfðatúni að hafnargarði (viktarskúr) samkvæmt samning þar um, en Strandabyggð sér um annan snjómokstur gatna innan Hólmavíkur. Félagsþjónustan getur óskað eftir mokstri í þágu skjólstaðinga sinna, þ.e. aldraðra og öryrkja. (Mokstur vegna öryrkja og aldraðra er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.)

Forgangsröðun snjómoksturs 2020 – 2021:

1. Mokstur að heilbrigðisstofnun. Moka skal alla virka daga. Meta skal mokstursþörf um helgar

2. Mokstur að skólum: Grunn- og tónskóla og leikskóla. Moka skal alla virka daga, nema ef skólahaldi er aflýst af skólastjóra
3. Aðrar áherslur í forgangsröðun moksturs skulu vera, í réttri forgangsröð:
 - a. Íþróttamiðstöð og sundlaug
 - b. Skeiði, plássíð, hafnarsvæði, þróunarsetur
 - c. Íbúðargötur
 - d. Gangstéttar og opin svæði.

Ávallt skal því haldið opnu að moka þegar um er að ræða jarðarfirir, skemmtanir eða aðra viðburði í samfélaginu. Ath. kostnaðarskiptingu (ríkið v/jarðarfirar að sveitakirkjum)

Tíðni snjómoksturs 2020 – 2021

Markmið Strandabyggðar er að draga úr kostnaði við snjómokstur sem nemur kr. 2.000.000.- Því skal sú regla almennt höfð, að **moka minna en meira, veturinn 2020 – 2021**, samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

1. Mokstur að heilbrigðisstofnun. Moka skal alla virka daga og um helgar, sé þess þörf
2. Mokstur að skólum: Grunn- og tónskóla og leikskóla. Moka skal alla virka daga, nema ef skólahaldi er aflýst af skólastjóra
3. Aðrar áherslur í forgangsröðun moksturs skulu vera, í réttri forgangsröð:
 - a. Íþróttamiðstöð og sundlaug: alla virka daga, ekki um helgar.
 - b. Skeiði, plássíð, hafnarsvæði, þróunarsetur: Alla virka daga, ekki um helgar. Hafnarsvæði skal þó mokað þegar bátar eru á sjó/löndun, sé þess þörf.
 - c. Íbúðargötur: Alla virka daga, ekki um helgar
 - d. Gangstéttar og opin svæði: 2x í viku ef snjóar eftir fyrri mokstur, annars 1x.
 - e. Hálkuverja skal gönguleið skólabarna frá skóla að Café Riis og íþróttamiðstöð, eftir þörfum.

Almenn ákvæði

1. Starfsmenn áhaldahúss meta mokstursþörf að morgni dags eða kvöldið fyrir og gera verktaka viðvart
2. Starfsmenn áhaldahúss geta gripið inn í snjómokstur sé þess þörf, þá í þeim tilgangi að draga úr mokstri eða beina mokstri í önnur verkefni
3. Snjómokstur er unnin í verktöku og greitt jafnarðargjald fyrir, samkvæmt samningi. Tímasetning snjómoksturs hefur því ekki áhrif á kostnað
4. Gerður skal samningur við verktaka (einn eða fleiri) sem sér um:
 - a. Reglubundinn snjómokstur innanbæjar og
 - b. Stærri verkefni svo sem hreinsun uppsafnaðra hauga, mokstur í sjó o.s.frv. c) afleysingar vegna a og b.
5. Verktaki sem ráðinn er í starf a) skal bera ábyrgð á eftirfarandi:
 - a) Mokstur samkvæmt forgangslista skal standast
 - b) Verktaki skal klára mokstur að skólabyggingum fyrir kl 07.45 alla morgna, nema þegar skólahaldi er aflýst eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður ríkja. Skólastjóri skal upplýsa verktaka ef skólahaldi er aflýst, svo fljótt sem auðið er

- c) Verktaki skal gæta varúðar varðandi kyrrstæða bíla, við snjómokstur á götum og gangstéttum
6. Allir verktakar skulu bera eftirfarandi ábyrgð:
- a) Fyrirfram umsamdar tímasetningar skulu standa. Það er á ábyrgð verktaka að áætla nægan tíma í verkið, miðað við aðstæður
 - b) Verktaki skal gæta varúðar varðandi kyrrstæða bíla, við snjómokstur á götum og gangstéttum
 - c) Verktaki skal vera tryggður fyrir skemmdum sem kunna að verða af hans völdum og afgreiða hugsanleg ágreiningsmál með þolendum án aðkomu sveitarfélags
 - d) Verktaki skal ávallt ráðfæra sig við forstöðumann áhaldahúss ef upp koma frávik frá fyrirmælum eða vafaatriði
 - e) Verktaki skal skila verkyfirliti daglega í samráði við starfsmenn áhaldahúss
 - f) Verktaki skal skila reikningum vegna verktakavinnu innan 15 daga frá lokum hvers undangengins mánaðar.
7. Strandabyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis sveitarfélagsins að undanskildu ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis forstöðumanns áhaldahúss og/eða sveitarstjóra.

Samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar á sveitarstjórnarfundum 1312, 08.12.2020

Þorgeir Pálsson
Sveitarstjóri Strandabyggðar